

**Heilbrigðisstofnun Suðunesja**

**08 791**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Starfsþáttayfirlit .....	<b>7</b>
Skýringar .....	<b>8</b>

**Heilbrigðisstofnun Suðunesja**  
**kt. 511297-2819**  
**Skólavegi 6, 230 Reykjanesbæ**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja heyrir undir Heilbrigðisráðuneyti og starfar í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Starfsemi stofnunarinnar er á þremur þjónustusviðum: Heilsugæslusviði, sjúkrasviði og rekstri hjúkrunarrýma.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 23, 24, 25 og málaflokk 20,10, 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 4.790,7 milljónir og afkoma kr. -712,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1.065,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.117,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir  
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	4.300.975.000	4.246.470.073
Seld þjónusta .....	3	349.429.981	314.263.232
Vörusala .....		76.787.189	73.686.857
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	8.653.993	1.150.714
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		3.042.028	10.832.758
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	51.799.929	39.058.566
<b>Tekjur samtals</b>		<b>4.790.688.120</b>	<b>4.685.462.200</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	3.967.099.295	3.675.744.245
Annar rekstrarkostnaður .....	6	1.474.050.714	1.126.517.671
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	7	10.224.670	1.111.429
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	51.799.929	39.058.566
<b>Gjöld samtals</b>		<b>5.503.174.608</b>	<b>4.842.431.911</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(712.486.488)</b>	<b>(156.969.711)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(722.861.488)	(156.969.711)
Rekstrartilfærslur .....		10.375.000	0
		<b>(712.486.488)</b>	<b>(156.969.711)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	440.001.202	459.340.476
Viðskiptakröfur .....	10	186.439.901	143.474.505
Tengdir aðilar .....	11	124.286.939	107.901.584
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	27.871.685	32.984.275
Birgðir .....	13	27.656.916	21.387.513
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	14	311.036.528	195.574.530
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.117.293.171</u>	<u>960.662.883</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	976.180.920	167.829.592
Viðskiptaskuldir .....	15	238.929.478	204.069.781
Ýmsar skammtímaskuldir .....	16	483.536.602	429.460.922
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	17	484.429.251	512.599.180
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.183.076.251</u>	<u>1.313.959.475</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		(1.065.783.080)	(353.296.592)
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	18	(1.065.783.080)	(353.296.592)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(1.065.783.080)</u>	<u>(353.296.592)</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.117.293.171</u>	<u>960.662.883</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
	19		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(712.486.488)	(156.969.711)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	51.799.929	39.058.566
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(51.799.929)	(39.058.566)
		<u>(712.486.488)</u>	<u>(156.969.711)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(37.852.806)	(49.242.293)
Tengdir aðilar .....		648.334.046	530.006.957
Birgðir .....		(6.269.403)	(7.833.937)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		88.935.377	38.995.326
		<u>693.147.214</u>	<u>511.926.053</u>
		<u>(19.339.274)</u>	<u>354.956.342</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	14	(167.261.927)	(38.446.670)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		730.000	0
		<u>(166.531.927)</u>	<u>(38.446.670)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		143.631.927	0
Fjárfestingarframlag .....		22.900.000	38.446.670
		<u>166.531.927</u>	<u>38.446.670</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(19.339.274)	354.956.342
		<u>459.340.476</u>	<u>104.384.134</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>440.001.202</u>	<u>459.340.476</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	3.838.000.000	0	22.900.000	3.860.900.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>3.838.000.000</b>	<b>0</b>	<b>22.900.000</b>	<b>3.860.900.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....				
Launabætur .....	184.300.000	0		184.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	262.000.000	10.375.000		272.375.000
Millifærslur frá varasjóði .....	6.300.000	0		6.300.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>4.290.600.000</b>	<b>10.375.000</b>	<b>22.900.000</b>	<b>4.323.875.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	(359.339.068)	0	317.024.650	(42.314.418)
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>3.931.260.932</b>	<b>10.375.000</b>	<b>339.924.650</b>	<b>4.281.560.582</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(5.013.461.488)	0	(166.531.927)	(5.179.993.415)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(1.082.200.556)</b>	<b>10.375.000</b>	<b>173.392.723</b>	<b>(898.432.833)</b>

## Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2023, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Heilsugæslusvið 08 791 101	Sjúkrasvið 08 791 111	Hjúkrunarrými 08 791 121	Samtals 2023
	Málefnasvið - málaflokkur			
	24 10	23 20	25 10	
<b>Tekjur</b>				
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.794.775.000	1.849.000.000	657.200.000	4.300.975.000
Seld þjónusta .....	227.703.834	111.633.265	10.092.882	349.429.981
Vörusala .....	0	76.787.189	0	76.787.189
Framlög og ýmsar tekjur .....	2.409.706	3.212.531	3.031.756	8.653.993
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	2.360.834	624.391	56.803	3.042.028
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	14.867.260	34.412.890	2.519.779	51.799.929
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.042.116.634</b>	<b>2.075.670.266</b>	<b>672.901.220</b>	<b>4.790.688.120</b>
<b>Gjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	1.574.296.606	1.913.555.778	479.246.911	3.967.099.295
Annar rekstrarkostnaður .....	1.058.582.780	231.983.220	183.484.714	1.474.050.714
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	16.247	10.202.708	5.715	10.224.670
Afskriftir .....	14.867.260	34.412.890	2.519.779	51.799.929
<b>Gjöld samtals</b>	<b>2.647.762.893</b>	<b>2.190.154.596</b>	<b>665.257.119</b>	<b>5.503.174.608</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>(605.646.259)</b>	<b>(114.484.330)</b>	<b>7.644.101</b>	<b>(712.486.488)</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>(605.646.259)</b>	<b>(114.484.330)</b>	<b>7.644.101</b>	<b>(712.486.488)</b>
<b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>				
Rekstur .....	(616.021.259)	(114.484.330)	7.644.101	(722.861.488)
Rekstrartilfærslur .....	10.375.000	0	0	10.375.000
	<b>(605.646.259)</b>	<b>(114.484.330)</b>	<b>7.644.101</b>	<b>(712.486.488)</b>
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:</b>				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	1.994.300.000	1.504.200.000	339.500.000	3.838.000.000
Fjáraukalög .....	(340.000.000)	170.000.000	170.000.000	0
Launbætur .....	88.200.000	80.700.000	15.400.000	184.300.000
Millifært úr varasjóð .....	2.100.000	3.300.000	900.000	6.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	50.175.000	90.800.000	131.400.000	272.375.000
Fjárveiting til tekna .....	1.794.775.000	1.849.000.000	657.200.000	4.300.975.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(2.400.421.259)	(1.963.484.330)	(649.555.899)	(5.013.461.488)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b>	<b>(605.646.259)</b>	<b>(114.484.330)</b>	<b>7.644.101</b>	<b>(712.486.488)</b>
Staða fjárveitinga 2022 í lok þess árs .....	(204.430.993)	(76.125.450)	(78.782.625)	(359.339.068)
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>				
Rekstur .....	(820.452.252)	(190.609.780)	(71.138.524)	(1.082.200.556)
Rekstrartilfærslur .....	10.375.000	0	0	10.375.000
	<b>(810.077.252)</b>	<b>(190.609.780)</b>	<b>(71.138.524)</b>	<b>(1.071.825.556)</b>
<b>Fjárfestingar</b>				
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum .....	8.800.000	13.100.000	0	21.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	0	1.000.000	0	1.000.000
Fjárfesting á árinu .....	(31.850.150)	(135.052.517)	(359.260)	(167.261.927)
Sala fastafjármuna .....	730.000	0	0	730.000
<b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b>	<b>(22.320.150)</b>	<b>(120.952.517)</b>	<b>(359.260)</b>	<b>(143.631.927)</b>
Staða fjárfestinga 2022 í lok þess árs .....	24.504.088	298.002.000	(5.481.438)	317.024.650
<b>Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2023</b>	<b>2.183.938</b>	<b>177.049.483</b>	<b>(5.840.698)</b>	<b>173.392.723</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.



# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	4.300.975.000	4.246.470.073
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	51.799.929	39.058.566
	<u>4.352.774.929</u>	<u>4.285.528.639</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	3.838.000.000	0	0	3.838.000.000
Launabætur .....	184.300.000	0	0	184.300.000
Millifært úr varasjóð .....	6.300.000	0	0	6.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	262.000.000	10.375.000	0	272.375.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>4.290.600.000</b>	<b>10.375.000</b>	<b>0</b>	<b>4.300.975.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(5.013.461.488)	0	0	(5.013.461.488)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(722.861.488)</b>	<b>10.375.000</b>	<b>0</b>	<b>(712.486.488)</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	331.349.166	288.622.952
Verksala .....	25.934.735	24.876.157
Ýmsar þjónustutekjur .....	(31.959.688)	(27.818.066)
Gjöld fyrir vistun .....	10.880.365	17.009.213
Veitinga- og gistiþjónusta .....	13.198.903	11.553.476
Fræðslustarfsemi og fundir .....	26.500	19.500
	<u>349.429.981</u>	<u>314.263.232</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	5.441.462	895.088
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	3.200.000	0
Ýmsar tekjur .....	12.531	255.626
	<u>8.653.993</u>	<u>1.150.714</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	3.170.598.523	2.925.071.115
Orlof, breyting .....	54.510.065	68.347.185
Launatengd gjöld .....	737.269.210	681.260.894
Starfsmannakostnaður .....	4.721.497	1.065.051
	<u>3.967.099.295</u>	<u>3.675.744.245</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	242,9	238,3

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	9.902.936	7.185.233
Byggingarvörur, almennar ....	79.188	52.468
Tæki og búnaður til innréttinga ....	3.513.105	37.388
Ýmis tæki og áhöld ....	24.298.594	11.921.686
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	9.534.411	2.662.384
Orkugjafir ....	29.203.784	23.394.835
Matvæli ....	77.458.175	62.901.337
Almennar rekstrarvörur ....	31.361.832	17.594.549
Vörukaup, almenn	185.352.025	125.749.880
Rannsóknarstofuefni ....	58.152.620	51.505.673
Lyf og tengd efni ....	164.500.941	131.580.275
Lækninga- og hjúkrunarvörur ....	47.433.793	44.874.335
Sjúkrahústæki og áhöld ....	88.557.606	2.667.031
Kennslu- og föndurvörur ....	256.437	62.811
Ýmsar sérgreindar vörur ....	1.233.299	3.286.727
Vörukaup, sérgreind	360.134.696	233.976.852
Fundir, námskeið, risna ....	4.271.463	7.382.535
Ferðir, upphald ....	6.371.991	5.803.239
Akstur ....	43.275.583	54.417.197
Sérfræðiþjónusta ....	402.146.514	292.562.257
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	3.072.265	2.360.430
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	1.291.666	2.792.430
Vistunargjöld ....	0	1.900
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	24.530.035	13.770.395
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	484.959.517	379.090.383
Samningsbundin kaup og leiga ....	9.694.747	45.131.623
Afnotagjöld ....	92.896.002	47.412.718
Leigugjöld ....	212.098.555	187.890.237
Notkun véla og flutningatækja ....	1.282.293	493.205
Verkkaup ....	120.054.292	93.524.528
Kostnaðarhlutdeild ....	1.592.500	2.502.500
Áhættutap og bætur ....	(109.211)	57.847
Tryggingar, lögboðnar ....	1.570.113	2.083.300
Opinber gjöld ....	(466.141)	4.863.109
Tapaðar kröfur ....	6.778.440	6.822.497
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	445.391.590	390.781.564
Vörukaup ....	222.781	1.418.053
Birgðabreytingar, fullunnar vörur ....	469.821	(1.290.344)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	692.602	127.709
Hlutdeild annarra í kostnaði ....	(2.479.716)	(3.208.717)
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.474.050.714	1.126.517.671

## Skýringar

	2023	2022
<b>7 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður .....	9.088.259	102.409
Dráttarvextir .....	1.136.411	1.006.333
Gengistap, verðbreytingar .....	0	2.687
	<u>10.224.670</u>	<u>1.111.429</u>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	45.526.899	32.939.537
Farartæki og vélar .....	6.273.030	6.119.029
	<u>51.799.929</u>	<u>39.058.566</u>
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>9 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	289.123	284.776
Tékkareikningar .....	439.712.079	459.055.700
	<u>440.001.202</u>	<u>459.340.476</u>
Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.		
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>10 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	186.439.901	143.474.505
	<u>186.439.901</u>	<u>143.474.505</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	180.504.381	140.391.926
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	5.935.520	3.082.579
	<u>186.439.901</u>	<u>143.474.505</u>
<b>11 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar .....	124.286.939	107.901.584
	<u>124.286.939</u>	<u>107.901.584</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	929.489.899	135.864.316
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	46.691.021	31.965.276
	<u>976.180.920</u>	<u>167.829.592</u>
<b>12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	13.592.391	13.851.789
Skattar .....	14.279.294	19.132.486
	<u>27.871.685</u>	<u>32.984.275</u>

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>13 Birgðir</b>		
Rekstrarvörubirgðir .....	27.656.916	21.387.513
	<u>27.656.916</u>	<u>21.387.513</u>

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

### 14 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	273.385.719	151.650.691
Farartæki og vélar .....	37.320.809	43.593.839
Aðrar eignir .....	330.000	330.000
	<u>311.036.528</u>	<u>195.574.530</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	323.058.929	52.626.674	330.000	376.015.603
Viðbætur á árinu .....	167.261.927	0	0	167.261.927
Selt/úrelt á árinu .....	0	(1.213.428)	0	(1.213.428)
	<u>490.320.856</u>	<u>51.413.246</u>	<u>330.000</u>	<u>542.064.102</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	171.408.238	9.032.835	0	180.441.073
Afskrift ársins .....	45.526.899	6.273.030	0	51.799.929
Selt/úrelt á árinu .....	0	(1.213.428)	0	(1.213.428)
	<u>216.935.137</u>	<u>14.092.437</u>	<u>0</u>	<u>231.027.574</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>273.385.719</u>	<u>37.320.809</u>	<u>330.000</u>	<u>311.036.528</u>

	31.12.2023	31.12.2022
<b>15 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	238.929.478	204.069.781
	<u>238.929.478</u>	<u>204.069.781</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	238.702.678	203.790.449
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	226.800	279.332
	<u>238.929.478</u>	<u>204.069.781</u>
<b>16 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	473.207.971	418.697.906
Önnur ógreidd gjöld .....	10.328.631	10.763.016
	<u>483.536.602</u>	<u>429.460.922</u>

## Skýringar

### 17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	311.036.528	195.574.530
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	173.392.723	317.024.650
	<u>484.429.251</u>	<u>512.599.180</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	195.574.530	317.024.650	512.599.180
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	22.900.000	22.900.000
Áhrif seldra eigna .....	0	730.000	730.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	167.261.927	(167.261.927)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(51.799.929)	0	(51.799.929)
	<u>311.036.528</u>	<u>173.392.723</u>	<u>484.429.251</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 62,2 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 18 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(353.296.592)	(196.326.881)
Afkoma ársins .....	<u>(712.486.488)</u>	<u>(156.969.711)</u>
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(1.065.783.080)</u>	<u>(353.296.592)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 19 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og ýmsa aðra rekstrar- og þjónustusamninga bæði tímabnda og ótímabundna, m.a. vegna læknissþjónustu, sjúkraflutninga, lyfjaeftirlits, ræstingu, þvott á líni o.fl. . Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 240,7 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 644,7 milljónum.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

## Undirritunarsíða

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir